

282. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 9. OKTÓBER 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- a) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- b) Fjármál
 - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 1. október 2018.
 - b) Rammasamningsaðild kirkjusókna, erindi Ríkiskaupa, áður á dagskrá 281. fundar.
 - c) Nýr þjónustuvefur Jöfnunarsjóðs sókna, kynning.
- c) Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 8. október 2018.
 - b) Hraungerði, breyting á lánaskilmálum.
- d) Málefni Skálholts
 - a) Starfssamningur og starfslýsing ráðsmanns í Skálholti.
- e) Umsagnarbeiðni Alþingis um frumvarp til laga um ýmsar aðgerðir í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2019.
- f) Þóknananefnd erindi og fundargerð frá 24. september 2018.
- g) Strandarkirkja, endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar.
- h) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari, Skúli Guðmundsson lögfræðingur kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem sat fyrri hluta fundarins.

Fyrir var tekin fundargerð síðasta fundar. Hún lögð fram og samþykkt.

2. FJÁRMÁL

a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 1. október 2018.*

Fundargerðin lögð fram ásamt tillögum starfshópsins að úthlutun styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna. Kirkjuráð ályktar að tillögurnar verði sendar til umsagnar í héraði.

b) *Rammasamningsaðild kirkjusókna, erindi Ríkiskaupa, áður á dagskrá 281. fundar.*

Borist hafa nýjar upplýsingar um málið. Málinu frestað og framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.

c) *Nýr þjónustuvefur Jöfnunarsjóðs sókna, kynning.*

Fjármálastjóri biskupsstofu kynnti hugmyndir um nýjan þjónustuvef.

3. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 8. október 2018.*

Fundargerðin lögð fram. Tekinn fyrir liður 2, hlunnindi af prestsetursjörðum. Lögð fram tillaga starfshópsins að breytingu á 23. gr. starfsreglna nr. 950/2009. Kirkjuráð samþykkir að tillagan verði lögð fyrir komandi kirkjuþing. Tekinn fyrir 4 liður, Staðastaður, malartaka vegna breytinga á legu heimreiðar. Erindið samþykkt. Tekinn fyrir 8. liður, Eiðar, prestsetur erindi varðandi lóðarleigusamning. Kirkjuráð samþykkir tillögu starfshópsins og felur fasteignasviði að undirbúa húsið í sölufurli.

b) *Hraungerði, breyting á lánaskilmálum.*

Lögð fram tillaga Arion banka að skilmálabreytingum veðlána sem hvíla á jörðinni Hraungerði í Flóahreppi. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að árita breytingaskjölin enda sé það í þágu hagsmuna kirkjumálasjóðs að mati lögmanns sjóðsins í málinu.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Starfssamningur og starfslýsing ráðsmanns í Skálholti.*

Lögð fram drög að starfssamningi og starfslýsingu. Málinu frestað. Framkvæmdastjóra og Stefáni Magnússyni kirkjuráðsmanni falið að funda með aðilum málsins.

**5. UMSAGNARBEIÐNI ALÞINGIS UM FRUMVARP
TIL LAGA UM ÝMSAR AÐGERÐIR Í SAMRÆMI VIÐ
FORSENDUR FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 2019.**

Umsagnarbeiðnin lögð fram. Kirkjuráð sér ekki ástæðu til að veita umsögn um frumvarpið.

**6. ÞÓKNANANEFND ERINDI OG
FUNDARGERÐ FRÁ 24. SEPTEMBER 2018.**

Kirkjuráð felur framkvæmdastjóra og lögfræðingi kirkjuráðs að skoða málið betur.

**7. STRANDARKIRKJA,
ENDURSKOÐUNARBRÉF RÍKISENDURSKOÐUNAR.**

Endurskoðunarbréfið lagt fram.

8. ÖNNUR MÁL

- a) Vopnafjörður.
Framkvæmdastjóra falið að svara bréfi fyrrum sóknarprests.
- b) Mál fyrir komandi kirkjuþing.
Rætt var um mál sem kirkjuráð mun flytja á kirkjuþingi.
- c) Fasteignasviði falið að leita hagkvæmustu lausnar máls 3. d. frá síðasta fundi.
- d) Jafnréttisfulltrúi kirkjunnar.
Umræður urðu um þá ályktun síðasta kirkjuþings að ráðið verði í hálf t starf jafnréttisfulltrúa. Lögð fram tillaga um að starfið verði sett á fjárhagsáætlun næsta árs. Tillagan samþykkt. Stefán Magnússon óskar að bókað verði að hann greiddi atkvæði gegn tillögunni.
- e) Guðfræðiráðstefna.
Umsókn um fjárstyrk kom of seint og var ekki afgreidd. Fjármálahópi kirkjuráðs falið að skoða málið.
- f) Leitandi.is.
Ákveðið var að fara fram á að verksali skili öllu framleiddu efni til verkkaupa. Þau skil verði eigi síðar en fyrir næsta fund kirkjuráðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45.

Næsti fundur er áætlaður 29. október 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon